



Hygge

CAL 2017



Vika 8/14





Designed by :

HAAK MAAR RAAK

www.haakmaarraak.nl

Made possible by :

Scheepjes
INSPIRATION IN EVERY BALL OF YARN

Höfundarrétt að þessari uppskrift á © Scheepjes.com. Þessi uppskrift er til einkanota, leyfilegt er að prenta út eintak og/eða geyma rafrænt eintak til einkanota. Ekki er leyfilegt að fjölfalda þessa uppskrift né selja hana áfram, hvort sem er rafrænt eða á pappír. Ekki er leyfilegt að pósta þessu skjali á netið, hvort sem er í heild sinni eða að hluta til. Leyfilegt er að selja tilbúna vöru sem er heklud eftir þessari uppskrift svo framarlega sem höfundar er getið. Vinsamlegast prentið ekki út afrit af þessu mynstri til þess að dreifa með seldu garni þar sem það er brot á höfundarrétti.

Garn:

Sjá garntöflu neðst í skjalinu.

Brögð og Brellur

- Ef þér finnst erfitt að halda utan um hvaða umferð er hvað (t.d. hvaða umferðir tilheyra millistykkinu), taktu þá garn í áberandi lit og þræddu lárétt í gegnum fyrstu og síðustu umferðirnar. Þegar þú ert búin að vinna með þessar umferðir dregur þú þráðinn úr.
- Í þessari viku erum við eingöngu að sauma út. Við erum ekki einu sinni að hekla millistykkið í þar sem við gerðum það í viku 6.
- Svo þessi vika gangi áfallalaust fyrir sig er lykilatriði að telja, telja, telja. Án djóks þá margborgar það sig að telja.





Útsaumur:

Saumið út í umferðir 1-50 (**umf 153-202**) með krosssaumi samkvæmt skýringarmyndinni, byrjað er að sauma í 1. umferð (við miðju bakstykki) og endað í 50. umferð (efst á stykki). Lesið skýringarmyndina á eftirfarandi máta:

Hver reitur táknar heklað spor í sjalínu ykkar. Ekki er saumað út þar sem hvítir reitir eru. Lituðu reitirnir segja til um í hvaða lykkjur á að sauma í. Í hverjum reit er bókstafur og segir hann til um hvaða litur er notaður að hverju sinni.

Til þess að fá nánari útskýringar á hvernig útsaumurinn er gerður lestu þá skjalið Brellur & Brögð (e. Tips & Tricks) eða horfðu á myndbandið sem gert var fyrir viku 2. Ég er með eitt ráð handa ykkur varðandi hvernig best er að sauma út svona stórt munstur. Mér þótti best að byrja á stóra blóminu og stilknum. Næst saumaði ég út stilkina tvo til hliðar og síðast gerði ég öll smáatriði eins og fuglana og fiðrildin. Lykillinn að því að klára þessa viku er að telja oft. Í hvert sinn sem þú klárar einn hluta munstursins, skaltu telja og vera viss um að hvert saumspor sé á sínum stað.

Yarns	Stone washed	Catona (25 gr)									
Abbreviation	SW	A	B	C	D	E	F	G	H	I	J
Pastel	801	264	414	403	402	212	406	172	179	409	408
Jewel	802	258	130	411	401	412	391	128	400	396	394
Rainbow	803	115	281	208	280	205	146	201	282	114	222
Danish Mermaid	805	130	392	512	205	513	389	241	253	397	509
Diagram colour	+										



